

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 307

Dagsetning: 25. febrúar 2025

Fundartími: 08:15 – 9:54

Fundarstaður: Fundarsalur NO 4. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Eyþór Björnsson

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir – í fjarfundi
Þórhallur Jónsson – mætti kl. 9:18
Pröstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi

Fjarverandi

Starfsfólk

Eyþór Björnsson, forstjóri

Gestir

Dagskrá fundar

1. Upplýsingagjöf til stjórnar
2. Húsnæðismál
3. Eigendafundur fyrir aðalfund
4. Erindi frá Grýtubakkahreppi varðandi Reykjaveitu
5. Trúnaðarmál
6. Önnur mál a) Umboð vegna aðalfunda b) Líforkuver á Dysnesi c) Trúnaðarmál

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Upplýsingagjöf til stjórnar

Í samræmi við starfsreglur stjórnar skal einu sinni á ári farið yfir með stjórn hvort upplýsingagjöf til hennar sé nægjanleg og skýr þannig að stjórn telji sig hafa fullnægjandi gögn til ákvörðunartöku og til að sinna starfi sínu.

Almennt er upplýsingamiðlun til stjórnar góð, en brýnt að öll viðeigandi gögn séu lögð fram tímanlega fyrir stjórnarfundi.

2. Húsnæðismál

Forstjóri kynnti áform um breytingar á skrifstofuhúsnæði Norðurorku í húsi 8 og húsi 5. Núverandi skrifstofuhúsnæði var hannað utan um starfsemina eins og hún var árið 2000 en Norðurorka hefur breyst og stækkað mikið frá þeim tíma. Því sem áður voru lokaðar skrifstofur hefur verið breytt í opin rými sem eru mjög ásetin og hljóðvist og rými áskorun. Það er því óhjákvæmilegt að gera breytingar til að starfsemin rúmist með góðu móti í húsunum.

Til upplýsingar.

3. Eigendafundur fyrir aðalfund

Stefnt er að því að halda eigendafund í aðdraganda aðalfundar. Rætt um tímasetningu og dagskrá eigendafundar.

Forstjóra falið að boða eigendafund.

4. Erindi frá Grýtubakkahreppi vegna Reykjaveitu

Grýtubakkahreppur hefur sent stjórn Norðurorku hf. erindi vegna Reykjaveitu.

Stjórn felur forstjóra að afla frekari gagna og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

5. Trúnaðarmál

Skráð í trúnaðarmálagerðarbók.

6. Önnur mál a) Umboð vegna aðalfunda b) Líforkuver á Dysnesi c) Trúnaðarmál

a) Umboð vegna aðalfunda í tengdum félögum. Undirrituð umboð til handa forstjóra til að fara með atkvæði Norðurorku hf. á aðalfundum.

b) Erindi frá Eimi varðandi líforkuver á Dysnesi. Óskað eftir stuðningi Norðurorku við formlega tillögu til Matvælaráðuneytis um líforkuverið og þrýsta á að það byggist upp á Dysnesi.

Stjórn samþykkir að taka þátt í erindi til Matvælaráðuneytis vegna Líforkuvers á Dysnesi.

c) Skráð í trúnaðarmálagerðarbók.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.54